

## Félag eldri borgara á Akureyri

### 6. stjórnarfundur EBAK, 24. október 2019 kl. 13.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Garðar Lárusson, Nanna Þórsdóttir, Egill Jónsson Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

1. **Fundarsetning.** Haukur setti fund kl. 13.00.
2. **Fundargerð til afgreiðslu.** 5. stjórnarfundur 25. september 2019. Samþykkt samhljóða.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Dóra var 25. sept., ein umsókn. Torfhildur var 2. okt., ein athugasemd. Sigurður var 9. okt., ekkert gerðist. Nanna var 16. okt., eitt símtal. Hallgrímur var 23. okt., ekkert gerðist.
4. **Viðvera á skrifstofu:** 30. okt. Margrét; 6. nóv. Egill; 13. nóv. Garðar; 20. nóv. Birgir; 27. nóv. Sigurður.
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 27. nóvember nk. kl. 13:00-15:00. Samþykkt samhljóða.
6. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
  - a) **Heimsókn eldri borgara á Húsavík 30. september.** Margrét sagði frá komu 32 Húsvíkinga í Bugðusíðu, þar sem nokkrir EBAK félagar tóku á móti þeim. 25.-26. nóvember verður jólahlaðborð EBAK á Húsavík og vilja Húsvíkingarnir gjarnan hitta okkur þar. Margrét skaut fram hugmynd um samskiptanefnd við nágrennafélögin.
  - b) **Starfslokanámskeið fyrir Akureyrarbæ.** Margrét sat starfslokanámskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar 1. og 3. október. Seinni daginn kynnti hún EBAK. Umræður urðu um kynningar á heilabilun, kostnað við dvöl á öldrunarheimilum o.fl.
  - c) **Málþingið *Er gott að eldast á Norðurlandi/Akureyri?*** Haldið í Háskólanum 10. október. Meðal annars flutti Hrefna Hjálmarsdóttir fulltrúi EBAK í öldungaráði þar stutt erindi.
  - d) **Umbun til sjálfbóðaliða í Bugðusíðu.** Dóra sagði frá því að hún hefði keypt gjafabréf í Hofi fyrir þær tvær sem hafa verið drýgstar í þeirri vinnu. Jósefína Stefánsdóttir (Sísí) var á svæðinu og fékk sitt gjafabréf. Edil Jensdóttir kom síðar og fékk sitt gjafabréf.
  - e) **Spjaldtölvukynningar.** Garðar sagði að kynningar hefðu verið 3 föstudaga. Einn kom á þá fyrstu og þrjár á þær seinni. Sigurður hefur verið með honum og Grétar Ingvarsson var einnig síðasta föstudag. Kynning verður á föstudaginn kemur en síðan verður gert hlé.
  - f) **Skriðsundsnámskeið.** Dóra sagði að eitt námskeið væri búið. Anna Hermannsdóttir og Halldór Gunnarsson voru kennarar.
  - g) **Dansklúbbur.** Hallgrímur sagði frá því að umsjónarmenn hefðu haldið tvo fundi og síðan hefðu klúbbfélagar verið kallaðir á fund 23. október, en fáir hefðu getað mætt. Gert er ráð fyrir að allt að 26 klúbbfélagar dansi á þessari önn.
  - h) **ebak.is og akureyri.is.** Hallgrímur sagði frá því að bréf kom frá Stefnu um að nokkur netföng á póstlista væru ekki rétt og hafa þau verið löguð. Hann endurnýjaði texta um EBAK til birtingar á akureyri.is
  - i) **Rampur fyrir hjólastóla.** Garðar lét smíða ramp til að auðvelda aðgengi fyrir hjólastóla.

7. **Endurnýjun samninga við Akureyrarbæ.** Stjórn EBAK sendi bréf til samfélagssviðs Akureyrarbæjar til að óska eftir hækkun á framlagi vegna launakostnaðar í Bugðusíðu. Frístundaráð bæjarins hefur samþykkt þá hækkun. Formanni og gjaldkera var falið að sjá um endurnýjun á samningi því viðkomandi.
8. **Námskeiðahald á haustönn:**
- a) Matreiðslunámskeið. Ósk kom frá VMA um frestun fram yfir áramót og var það samþykkt.
  - b) Skriðsundsnámskeið 2. Búið er að auglýsa nýtt námskeið 29. október til 28. nóvember. Sömu kennarar og voru á síðasta námskeiði stýra því.
  - c) Dansnámskeið. Frestað fram yfir áramót.
9. **Félagsskírteini og innheimta árgjalda.** Dóra kynnti tilboð frá Ásprenti um prentun skírteina, en ákveðið var að hún og Garðar taki að sér að prenta skírteinin og ganga frá dreifingu þeirra. Hvorki útgáfudagur né gildistími verður skráður á kortin. Bréf verður sent til þeirra sem ekki hafa greitt árgjaldið og þeir hvattir til að greiða, annars fá viðkomandi ekki nýtt kort. Auglýstur verður tími fyrir afhendingu kortanna í félagsmiðstöðvunum. Í leiðinni verður farið yfir heimisföng og netföng. Félagar taka að sér að dreifa þeim kortum sem eftir verða. Garðar kynnti aldursdreifingu félagsmanna. 15 félagar eru fæddir 1924 og fyrr, en 99 1930 og fyrr. Rætt var um að hafa gjaldfrjálst fyrir 95 ára og eldri.
10. **Verkefnalisti. Starfið í Bugðusíðu í vetur o.fl.** Ritari hafði endurnýjað verkefnalista frá síðasta ári. Farið var yfir hann og nokkrir liðir teknir til umræðu.
- a) Heimilað var að halda áfram viðræðum um breytingar og stækkun á húsnæðinu í Bugðusíðu.
  - b) Endurskoða þarf nokkur atriði í samþykktum félagsins. Hallgrímur tók að sér að koma með hugmyndir fyrir næsta stjórnarfund.
  - c) Kynningarfundur er í vinnslu, óljóst hvort það náist fyrir áramót.
  - d) Garðar verður fulltrúi stjórnar í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu fræðslunefndar og HA.
  - e) EBAK á 2 fulltrúa og 1 varafulltrúa í notendaráði félagsmiðstöðvanna. Skipa þarf fulltrúana á vorönn. Rætt var um að boða formann notendaráðs, Lárus H. Sigurðsson, á næsta stjórnarfund. Margrét ræðir við hann.
  - f) Rætt um samstarf EBAK og starfsmanns Akureyrarbæjar. Það er gott að langmestu leyti, en nokkrir hnökur eru þó á því eins og að lokað var í einn dag í Víðilundi vegna starfsdags starfsmanna og var ekki hægt að fá mat í salnum þann dag. Þeir sem á að þjóna eiga að vera í fyrsta sæti.
  - g) Rætt var um hljóðkerfi, tölvu og skjávarpa í salnum. Dögg og Linda kunna vel á kerfið. Einnig var rætt um tölvumál á skrifstofu, en tölvun er mjög hæg. Garðar og Sigurður kanna það mál.
  - h) Rætt var um fund stjórnar og fulltrúa EBAK í öldungaráði. Þar er rétt að fulltrúarnir kynni störf sín og stjórnin kynni helstu áherslumál sín sem varða starfsemi ráðsins. Ákveðið var að miða við að fulltrúarnir mæti á næsta stjórnarfund kl. 14.
  - i) Rætt var um verkefnið *Heilsueflandi samfélag* á vegum landlæknis, en Akureyri undirritaði samkomulag þar um 28 ágúst 2015. Hallgrímur rakti lítilla hvað önnur sveitarfélög eru að gera í þessum málum. Ákveðið að ræða þau á fundi með fulltrúum okkar í öldungaráði. Hallgrímur tók að sér að ræða við Anný Björg Pálmadóttur um meistaraverkefni hennar, en hluti þess er vefurinn *eldhress.com*.
  - j) Rætt var um að fá Guðrún Ágústsdóttir til að halda erindi um einmanaleika, sem hún flutti á ársþingi Landssambands eldri borgara.
11. **Ferðir á milli félagsmiðstöðva.** Torfhildur ræddi nokkur atriði. Ferliþjónustan er eingöngu fyrir þá sem eru með læknisvottorð, en ekki eru ferðir fyrir aldaða eins og gert er t.d. í Reykjavík.

Hægt er að semja við BSO um afslætti. SBA getur boðið rútuferð fyrir kr. 12.000 frá Bugðusíðu og til baka. Sigurður sagði frá leið 5 og 6 hjá Strætó, sem stoppa meðal annars á Bugðusíðu við Bjarg og Austursíðu, einnig nálægt Boganum. Lengra er í strætó við Víðilund, leið 5 stoppar á Þingvallastræti vestan Dalsbrautar, en leið 6 austan hennar.

12. **Önnur mál.**

a) Flensusprauta. Margrét skýrði frá því að eldri borgarar fá sprauturnar fríar á HSN. Ekki er ljóst hvort hægt er að koma því við að fólk fái að koma í sprautur í Bugðusíðu 1. Svar við því fæst væntanlega mjög fljótlega.

b) Nanna spurði hvar hægt væri að finna afsláttarbók á netinu. Akureyrarhlutann er hægt að finna á *ebak.is*, en bókina sem Félag eldri borgara í Reykjavík gaf út á *feb.is*.

13. Fundarslit. Formaður sleit fundi kl. 15.40.

Fundargerð ritaði Hallgrímur Gíslason.